

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 375/2010

2012/EES/7/24

frá 3. maí 2010

um synjun leyfis fyrir heilsufullyrðingu er varðar matvæli og vísar hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

bættrar upptöku járn (spurning nr. EFSA-Q-2008-785) ⁽²⁾. Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „*Lactobacillus plantarum* 299v (DSM 9843) bætir upptöku járn.“

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælaþyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsókn um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin.
- 3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila álitum á viðkomandi heilsufullyrðingu.
- 4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.
- 5) Í kjölfar umsóknar frá PROBI AB, sem lögð var fram hinn 22. desember 2008 skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila álitum um heilsufullyrðingu sem varðar samhengið milli *Lactobacillus plantarum* 299v og

- 6) Þann 6. apríl 2009 fengu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á *Lactobacillus plantarum* 299v (DSM 9843) og fullyrta áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.
- 7) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi, sem bárust framkvæmdastjórninni í tengslum við 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.
- 8) Heilsufullyrðingar, sem vísað er til í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, falla einungis undir þær aðlögunarráðstafanir sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar ef þær uppfylla skilyrðin sem koma fram þar, þ.m.t. að þær verði að vera í samræmi við reglugerðina. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á *Lactobacillus plantarum* 299v (DSM 9843) og fullyrta áhrifanna er fullyrðingin ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og þar af leiðandi á aðlögunartímabilið, sem kveðið er á um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar, ekki við. Veita skal sex mánaða aðlögunartímabil til að gefa stjórnendum matvælaþyrirtækja færi á að laga sig að þeim kröfum sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjórnartíðindi ESB L 111, 4.5.2010, bls. 1. Henni var getið í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 115/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 22.12.2011, bls. 12.

⁽¹⁾ Stjórnartíðindi ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

⁽²⁾ Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2009) 999, bls. 1–9.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heilsufullyrðingin, sem sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færð á lista Bandalagsins yfir leyfðar fullyrðingar, sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

Þó má halda áfram að nota hana í sex mánuði eftir gildistöku þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvisunarnúmer áhlits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlega fram komnum rannsóknaniðurstöðum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Lactobacillus plantarum 299v (DSM 9843)	Lactobacillus plantarum 299v (DSM 9843) bætir járnupptöku	Q-2008-785